

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um rekstrarafkomu íslenskra fyrirtækja.

1. *Hversu mörg fyrirtæki voru skráð í fyrirtækjaskrá hvert ár 2009–2018?*

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda fyrirtækja í fyrirtækjaskrá árin 2009–2018. Vakin er athygli á að ekki er sami fjöldi skráður í fyrirtækjaskrá, í skattgrunnskrá lögaðila eða sem hefur skilað skattframtali rekstraraðila RSK 1.04. Í fyrirtækjaskrá geta t.d. verið einstaklingar með rekstur þó að fyrirtækið sé ekki lögaðili og því lagt á það með eigandanum. Þess konar fyrirtæki eru ekki á skattgrunnskrá lögaðila. Á skattgrunnskrá lögaðila geta verið lögaðilar sem hafa ekki skilað skattframtali rekstraraðila.

Fjöldi í fyrirtækjaskrá

2009	104.186
2010	89.924
2011	90.389
2012	91.040
2013	92.270
2014	93.125
2015	94.767
2016	96.140
2017	97.426
2018	98.315

Heimild: Ríkisskattstjóri

2. *Hver var hagnaður fyrirtækjanna fyrir skatta og fjármagnsliði sem hlutfall af eigin fé þeirra hvert þessara ára?*
3. *Hver var hagnaður fyrirtækjanna eftir skatt og fjármagnsliði sem hlutfall af eigin fé þeirra hvert þessara ára?*
4. *Hversu mikið greiddu fyrirtækin í tekjuskatt fyrirtækja hvert þessara ára?*
5. *Hverjar voru heildaratvinnutekjur fyrirtækjanna hvert þessara ára?*
6. *Hver var uppsafnaður greiddur tekjuskattur fyrirtækjanna hvert þessara ára? Óskað er eftir samantekt á formi uppsafnaðrar dreifingar (e. cumulative distribution).*
7. *Hverjar voru uppsafnaðar heildaratvinnutekjur fyrirtækjanna hvert þessara ára? Óskað er eftir samantekt á formi uppsafnaðrar dreifingar (e. cumulative distribution).*

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 57. gr. þingskapalaga skal fyrirspurn þingmanns til ráðherra vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Í 3. mgr. 49. gr. laganna er gert ráð fyrir að fyrirspurnir taki til málefna sem tengjast hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess. Þær upplýsingar sem óskað er eftir í liðum 2–7 eru ekki fyrirliggjandi á því formi sem kallað er eftir. Ekki er unnið með umbeðnar upplýsingar á því formi, í þeirri starfsemi sem ráðuneytið eða stofnanir þess

hafa með höndum, enda þótt unnt væri að útbúa upplýsingarnar á grundvelli gagna sem embætti ríkisskattstjóra hefur í sínum vörslum. Í ljósi þeirrar umfangsmiklu og tímafreku vinnu sem slíkt mundi útheimta og þeirra forsendna sem að framan er getið, er ráðuneytinu ekki unnt að veita svör við umræddum hluta fyrirspurnarinnar.